

að blanda spiritus með vatni, yrði síður útgengilegt, og ef reynslan sýndi, að yrði mjög farið í kringum lögin með þessu, væri hvornig sem á staði hægt, að hækka gjald á óblönduðum spiritus.

1872.
26. febrúar.

Að því leyti, er snerti uppástunguna um gjald á öli, þá varð dómsmálastjórnin að vera á þeirri skoðun, að eigi væri næg ástæða til að heimta gjald af því; til Íslands flyttist ekki mikið af því, og mest af því væri án efa hvítt öl, sem eigi yrði talið með áfengum drykkjum, og væri gagnlegt, að það flyttist til landsins, þar eð reynslan hefði sýnt, að öldrykkja hefði dregið úr og hamlað ofnautn brennivíns.

Með tilliti til uppástungu þingsins við 2. grein var dómsmálastjórnin samdóma fjárstjórninni.

Að því leyti, er snerti hinar aðrar uppástungur þingsins, var farið eptir tillögum konungsfulltrúa um þær, samt var gjörð breyting á 10. grein til þess að fara nokkuð eptir uppástungu alþingis um, að orðið: „landsstjórnin“ kæmi í staðinn fyrir: „hlutadeigandi stjórnarráð“, og var fyrir mælt, að hlutadeigandi stjórnarráð eða landshöfðingi að undirlagi þess skyldi ákveða reglur um reikningsskil lögreglustjóra. Dómsmálastjórninni leizt, að lagaþóðið skyldi ekki öðlast gildi, fyr en það gæti orðið birt á manntalsþingum, — en því mundi verða lokið 1. júlím., — þó svo færi, að landssjóðurinn mundi missa mesta part tekjanna af brennivínsgjaldinu á reikningsárinu 1872—73.

Eptir að búið var að gjöra breytingar við frumvarpið samkvæmt því, sem sagt er að framan, lagði stjórnarráðið til í þegnlegri skýrslu sinni um það, að það yrði gjört að lögum.

23. Tilskipun um póstmál á Íslandi. (á Íslenzku og Dönsku). 26. febrúar.

Vèr Christian hinn Níundi, o. s. frv. Gjörum kunnugt: Eptir að Vèr höfum meðtekið þegulegt álitsskjal Vørs trúa alþingis um frumvarp, sem fyrir það hefir verið lagt, til tilskipunar handa Íslandi um póstmál, bjóðum Vèr og skipum fyrir á þessa leið:

1872.

26. febrúar.

1. grein.

Landshöfðinginn á Íslandi hefir á hendi stjórn hinna íslenzku póstmála innanlands.

Í Reykjavík skal sett póstskrifstofa og skipaður póstmeistari, sem konungur útnefnir, með 700 rd. launum á ári. Það skal komið undir úrskurð konungs, hvort honum verði veitt launaviðbót eftir aldri.

Til skrifstofukostnaðar handa póstmeistararum og til kostnaðarins við póstafræðslu-störf á Íslandi og hirðing bræfa, hvort sem slík störf eru sameinuð einhverri annari sýslun eða einstakir menn hafa þau á hendi, skal verja því fé, sem til þessa er ætlað í hinna árlegu fjárhagsáætlun.

2. grein.

Til sendinga með póstum á Íslandi verður viðtaka veitt:

a) lausum brèfum, og er hér til að telja:

1. hvað eina, er sent er í brèfsformi, og
- 2) prentað mál í krossbandi eða einbrugðnu bandi, eða samantrotið að eins; og sömuleiðis ef sú sending er opið spjaldblað eða sýnishorn af varningi eða fyrirmynd við fatasnið;

skulu þær sendingar vera með utanáskript og eigi þyngri en 50 kvint, en hvorki má á þær skrifa verð þeirra, eða, að þeim fylgi aðrir munir.

Þau skal álíta sem ábyrgðar-brèf, ef utan á þeim stendur: „mælt með“, „á hendur falið“ eða „NB“, og eru búin frímerkjum, svo nægir. Ef svo er, verður þeim eigi skilað móttökumanni í hendur, nema hann greiði kvittun fyrir.

Öll þau brèf, sem lagðir eru inn í peningar eða peningavirði, sem eigi er tilgreind upphæð á, hvort heldur það eru gjaldgengir peningar, peninga ígildi, skuldabréf eða aðrar skuldajátningar, er hverjum þeim eru nýtar, sem þær í höndum hefir, skulu vera ábyrgðarbrèf;

b) peningabréfum, og telst hér undir hvað eina í brèfsformi, að þyngd og svo á sig komið, sem fyrir er mælt í staflíð a, þegar verð hins innlagða er til greint og það er annaðhvort peningar eða fémætir pappírar. Fulla upphæð

1872.

26. febrúar.

þarf eigi að tilgreina, utan sá beiðist tölu á, er sendir, þá er hann afhendir sendinguna:

- c) bögglum, og teljast hér undir allir þeir munir, aðrir en greindir eru í staflidunum *a* og *b*, er sendir verða með póstum, ef vísað er til viss manns, er við skal taka, og þeir eru í umbúðum eða um þá er svo lukt, sem hlýðir.

Hverri böggulsending skal fylgja tilvísunarbréf með utanáskript, og læst, ef menn vilja; en til þess má eigi hafa ábyrgðarbréf eða peningabréf. Tilvísunarbréfið má eigi vega meir en 3 kvint, en verður eigi talið þyngra fyrir því, þó lykill að sendingunni fylgi.

Um það, hvort taka megi böggla til flutnings á vetrarpóstferðum, skal ákveðið seinna meir.

3. grein.

Póststjórnin ákveður, hversu mikið af munum þeim, sem getið er um í 2. gr., póstarnir geti tekið að sèr til flutnings og ráðstöfunar, svo og hver skilyrði skuli gjörð eða hverjar reglur settar í slíkum greinum.

4. grein.

Frá því, er senda má með póstum, eru þeir hlutir undan skildir, sem bannað er að breiða út, eða bera með sèr eitthvað það, sem ólöglegt er; eða ósæmlegt eða öðrum mönnum til hneysu; enn fremur þeir hlutir, sem hætta er búin af, ef fluttir eru, t. a. m. eldfimir, sprenghattir, etandi eða þesskonar hlutir, og þeir, sem illur daunn er af. Sè þagað yfir innihaldi þessháttar sendinga eða rangt til sagt, á póststjórnin bótaheimtu fyrir þann skaða, er af þeim verður.

5. grein.

Póststjórnin skal sjá um, að póstarnir komist reglulega áfram annaðhvort með þeim áhöldum, sem hún sjálf á, eða með öðrum fararbeina, allt eptir því, sem henta þykir, og peningar að öðru leyti eru til þess í fjárhagsáætluninni.

6. grein.

Sèrhver skipstjórnarmaður er skyldur eptir áskorun póststjórnarinnar að taka á móti þeim hlutum til flutnings, er nefndir eru í 2. greinar staflid *a*, og flytja þá frá þeim stað, er skipið

1872. leggur út frá, og til þeirrar hafnar á Íslandi eða erlendis, er það
26. febrúar. á að fara til og nefnd er í leiðarbræfi skipsins.

Komi sú áskorun til skipstjórans við sèrstakt tækifæri, eða ef hún er opinberlega birt fyrir þau skip yfirhöfuð, er eiga leiðir á tiltekna staði, þá ber skipstjóranum að segja til þess í tækan tíma á pósthúsi þess staðar, og í seinasta lagi 24 stundum áður, hvaða dag og stund hann ætlar sèr að halda í burt, og má hann þá ekki fyrri fara, nema póstsendingarnar sè á skip komnar; skulu þeim þá fylgja tvær sendingaskrár samhljóða, og fær póststjórnarmaðurinn aðra þeirra aptur með kvittun skipstjórans, en hinni heldur hann eptir.

Á leiðinni er skipstjóri skyldur að geyma póstsendingarnar á þeim stað í skipinu, þar sem þeim er óhultast og bezt fer um þær, og annast um þær sèrílagi, þegar eitthvað ber að höndum.

Neyðist skipstjórinn til að leita hafnar á öðrum stað, en þeim, er leiðarbrèf hans vísar til, skal hann segja til á pósthúsinu þar, að hann hafi póstsendingar meðferðis, eða ef þar er enginn póstembættismaður eða pósthjónn, láta þann embættismann vita það, er hann annars kann að hitta, svo ráðið verði af, eptir kringumstæðum, hvort beint skuli fyrir sendingunum með öðru móti.

Þegar skipstjórinn kemur þangað, sem ferð hans var heitið, skilar hann tafarlaust af sèr póstsendingunum á pósthúsinu, er hann er lagztur við akkeri.

Það, sem hèr er sagt, varðar og þau skip, er til flutninga eru höfð frá höfn á Íslandi; en þó skulu þessi skip skyld að taka það til flutnings, sem nefnt er í 2. grein, *b.* og *c.* Póststjórnin má og festa upp á þessum skipum, þarsem hentugast er og hægast til að ná, læsta kassa til að láta í brèf; um kassana og sendingarnar verður svo skipt á þeim stöðum, er skipin koma við á. Útgjörðarmaður eða skipstjóri þess skips, er senda á í flutningaferðir, er skyldur í tækan tíma, og í seinasta lagi samtíða hinni fyrstu auglýsingu sinni um ferðirnar, að segja póststjórninni til um leið skipsins, viðkomustaði, burtsiglingar- og tilkomutíð, og eins um sèrhverja þá breytingu, sem á ferðum þessum verður gjörð síðar.

1872.

26. febrúar.

Sè eigi annað um samið, borgar pósthjórnin fyrir flutning sendinga þeirra, sem hér ræðir um, fyrir allt það, sem flytja á á einni ferð, eptir vikt með umbúðum: milli hafna á Íslandi 16 sk. undir 10 pund, eða minna, og milli annara staða 16 sk. undir 10 pund eða minna, fyrir hverjar 50 mílur af beinni vegarlengd. Ókeypis skulu flutt aptur bréf, er eigi ná að komast til skila, tómir pósthækkir, töskur eða annað því um líkt.

7. grein.

Verði póstarnir eða fararskjótar þeirra fyrir slysum í ferðun-um, eður ef þeir þurfa aðstoðar við annara orsaka vegna, til að halda áfram ferð sinni, skal hver sá, er nærri býr, eptir áskorun veita þeim tafarlaust þá hjálp, sem með þarf, mót sanngjarnri borgun, hvort heldur það er hestlán eða annar beini.

Sú borgun gelzt eptir samkomulagi milli pósthjórnarinnar og þeirra, er aðstoðina veittu, en náist eigi samkomulag, kemur það mál undir úrskurð hlutaðeigandi lögreglustjóra.

8. grein.

Burðareyris er fyrir sérhverjar þær sendingar, sem getið er um í 2. grein:

a) undir laus bréf:

1. venjuleg bréf, þegar höfð eru frímerki,

ef þau vega allt að 3 kvintum 4 sk.

— yfir 3 kv. að 25 kv. 8 -

— - 25 — 50 - 12 -

Sè eigi höfð frímerki, verður burðareyris tvöfaldur við það, sem hér er ákveðið;

2. undir prentað mál í krossbandi eða einbrugðnu bandi, eða aðrar sendingar, sem um mælir í 2. greinar staflíð *a.*, 2., helmingur bréfburðareyris þess, sem getið var, ef frímerki eru við höfð, en þó eigi minna en 4 sk. undir hverja sendingu.

Sè frímerki eigi við höfð við sendingar þessar, eða ef á þær er ritað nokkuð, sem eigi er leyft af pósthjórninni, eða ef umbúðirnar, sem eiga að vera svo lagaðar, að hægt sè að kanna hvað í þeim er, eru með öðru móti, en hún hefir fyrir lagt, þá fer um borgunina eptir því,

1872.

26. febrúar.

sem mælt er um almenn bréf, þegar frímerki eru ekki viðhöfð.

3. 8 sk. greiðast enn fremur fyrir að takast á hendur ábyrgð hverrar sendingar, sem mælt er um í 1 og 2;

b) undir peningabréf:

burðareyrir eptir vikt, einsog ákveðið er í *a.*, 1., og að auki 4 sk. í ábyrgðargjald fyrir hvert 100 rd., eða minni upphæð þeirra peninga, er til eru greindir utan á bréfinu.

Sè þess krafizt að peningar, sem sendir eru, sæ taldir á pósthúsinu, skal fyrir það greiða 4 sk. af 200 rd. og minni upphæð, og 1 sk. af hverjum 100 rd. eða minna af því, sem fram yfir er.

c) undir böggla:

16 sk. fyrir hvert pund, sem böggullinn vegur, telst þá partur úr pundi sem heilt sæ. Sè verð til greint, greiðist enn fremur ábyrgðargjald það, sem fyrir er mælt í stafið *b.* Sè í bögglinum gjaldgengir peningar, peninga ígildi, skuldabréf, þeim nýt, er í höndum hefir, eða aðrir þesskonar pappírar, og sæ beiðzt tölu á því fè, þá fer um þær sendingar sem um peningabréf. Undir tilvísunarbréf þarf eigi sérslagi að borga.

Sè miði látinn fylgja bréfum, sem falin eru á hendur, peningabréfum eða bögglum, til kvittunar af hálfu viðtakanda, verður undir hann að borga sem undir almennt bréf.

Um móttöku þeirra sendinga, sem nefndar eru í *a.*, 3 og í *b.* og *c.*, skulu póstembættismenn láta í tæ skriflega viðurkenningu borgunarlaust, þarómóti verður ekki krafizt viðurkenningar fyrir þær sendingar, sem nefndar eru í *a.*, 1 og 2.

3 sk. skal greiða fyrir hvað eina af því, er hér er nefnt: fyrir að leggja til lakk til innsiglis á sending, fyrir að setja á merki, sem þörf er á, fyrir umbúðir peningabréfs, fyrir utanaskript eða tilvísunarbréf, en þó má sú borgun samtals eigi fara fram yfir flutningseyri sendingarinnar.

Þegar þær sendingar, sem eigi hafa komizt úr vörzlum póststjórnarinnar, verða sendar aptur frá þeim stað, er þær áttu að fara til, eða þeim verður komið lengri veg, gjaldast í aukagjald fyrir þann flutning 2 sk. fyrir hvert 100 rd., ef peningar eru

sendir, og 4 sk. fyrir hvert pund í böggjum, og þó aldrei minna en 4 sk. Aðrar sendingar eru því aukagjaldi undan skildar.

1872.
26. febrúar.

Það, sem goldið er, eptir því, sem tiltekið er í þessari grein, fyrir að telja peninga, fyrir lakk til innsiglis á sendingu og fyrir að setja á merki, o. s. frv. (sbr. það, sem fyrir er mælt að framan), fellur til hlutaðeigandi pósthjóna.

9. grein.

Á pósthúsum má panta dagblöð og tímarit, og setur pósthjónin þær reglur, er hér þarf við að hafa.

Taki pósthjónin að sèr flutning á ritum þessum, er burðareyri 1/4 sk. fyrir hvert númer, og skal reikna þetta eptir meðaltölu á því, sem ætlazt má til að komi út á því tímabili, sem áskriptin er miðuð við; þó skal 4 sk. greiða að minnsta kosti fyrir sending á þeim númerum, sem út eru komin á einum ársfjórðungi.

Fyrir að panta blöðin og fyrir borgunarheimtur og reikningsskil, sem því eru sameinuð, greiðast 8 af hundraði af verði blaðsins fyrir áskrifendur á þeim stað, þar sem það er gefið út.

10. grein.

Borgunin, sem ákveðin er í 8. og 9. grein, greiðist fyrirfram fyrir:

bréf, sem falin eru á hendur;

móttökukvittanir;

sendingar til konungs og konungsættingja;

sendingar til stjórnarvalda og sveitarstjórna, að þeim undan skildum, er koma frá öðrum mönnum en þeim yfiröldum, er nú voru nefnd, ef þær einungis hafa inni að halda skýrslur eða álit, sem krafizt hefir verið eða beðið um, og sá, er sendir, vottar það utan á bréfinu með eiginhandar undirskript, að það sè þess efnis;

opin bréf, eða bréf með þeirri utanáskript, að móttökumaður getur af henni ráðið, hvers efnis þau eru;

blöð og tímarit, sem menn skrifa sig fyrir fyrir fjórðung árs í minnsta lagi frá venjulegum fjórðungaskiptum. Þó má pósthjónin í stöku tilfellum miða borgunina við skemmri tíma.

Burðareyri fyrir allar sendingar, sem eigi eru hér taldar, má

1872.
26. febrúar.

sá, er sendir, greiða hvort sem hann kys heldur á þeim stað, er þær ganga frá, eða hinum, er þær eiga að fara til, eða skipta honum á báða staðina. Þegar burðareyri er að eins greiddur að nokkrum hluta með frímerkjum, skal heimta burðareyri af sendingunni einsog ef ekkert væri galdið, en frá borguninni skal dregið verð þeirra frímerkja, sem höfð voru.

Einstakir menn, sem senda eitthvað með pósti, eru skyldir til að borga eptir á ógoldna póstpæninga fyrir sendingar, sem ekki eru leystar inn af þeim, sem við á að taka, ef þess verður krafizt af póststjórninni.

11. grein.

Burðareyri greiðist með því að líma á bréfið, peningabréfið eða (þegar böggjar eru sendir) á tilvísunarbréfið, svo mörg frímerki, er samsvarar burðargjaldinu; frímerki lætur póststjórnin búa til, og fást þau til kaups á póststofunni, á öllum póstafræiðslustöðum og bréfhirðingarstöðum, þannig að fyrir hvert fullt hundrað af frímerkjum, sem keypt eru í einu, borgar kaupandi 4% minna, en þau hljóða uppá.

12. grein.

Af tekið er að flytja nokkuð kauplaust. Það skal komið undir úrskurð konungs, hverja uppbót embættismenn og sýslunarmenn skuli fá fyrir þann kostnaðaranka, er af þessu leiðir fyrir þá.

Til þeirra póstsendinga, er á þenna hátt er veitt þóknun fyrir úr landssjóðnum, má hafa þjónustufrímerki. Hinar nákvæmari reglur um, hvornig þessu verði við komið og um reikningsskil, skal hlutadeigandi stjórnarráð eða landshöfðingi eptir undirlagi þess setja.

13. grein.

Glatist ábyrgðarbréf í vörzlum póststjórnarinnar, skal greiða þeim, er sendi, 10 rd. í skaðabætur.

Týnist peninga- eða böggul-sending, eða ef það skemmist eða breytist um það, sem var í þeirri sendingu, meðan hún var í vörzlum póststjórnarinnar, þá bætir póststjórnin þeim skaðann, er sendi, þó ekki fram yfir það, er greint var um verðið, þá er sendingin var látin á póstin, og eigi yfir 48 sk. fyrir hvert

1872.

26. febrúar.

pund af vikt sendingarinnar í umbúðum, ef verðið var eigi til greint. Sè hluturinn týndur með öllu, skal og borga aptur þann burðareyri, er greiddur var.

Skadabætur greiðast ekki:

- a) þegar skaðinn kemur eingöngu af eðli þess, sem sent er, eða orsakast af illum umbúðum;
 - b) þegar böggullinn hefir ekki skaddast að utan á umbúðum eða innsigli, svo að því verði kennt um að sendingin sjálf hafi skemmzt eða glatazt. Þó skal þann skada bæta, er verður á peningum og pappírnum, er peningaverð hafa, sem eru afhentir í umbúðum, eða á öðrum peningasendingum, hvort sem umbúðir eða innsigli eru ósködduð eða ekki, ef það fè var talið á pósthúsinu, þegar því var skilað þar.
- Þær bætur, er póststjórnin á að gjalda eptir því, sem nú er sagt, ná að eins til verðs þess hlutar, er glatazt hefir, eða þeirrar rýrnunar, sem hinir skemmdu munir hafa orðið fyrir, en eigi skal bæta ábatamissi, eða afsakna, eða peningaverðfall, eða yfirhöfuð neinar óbeinlínis afleiðingar skadans.

Fyrir hina hlutina, sem nefndir eru í 2. grein, skal engar skadabætur greiða.

Skylda til skadabóta fellur burt, ef póststjórninni eigi er skýrt frá kröfunni innan eins árs frá því, að hluturinn var látinn á póstinn.

14. grein.

Brot gegn póstlögunum skal varða þeim hegningum, sem hér skal greina:

- a) Sá, sem afhendir pósti eða öðrum pósthjóni hluti, sem eptir því, sem sagt er, má senda með pósti, til að koma þeim á framfæri utanpósts, skal sæta sektum, er nemá sexföldum burðareyri eptir taxtanum.
- b) Fyrir það að senda peninga eða aðra verðmæta muni, sem nefndir eru í 2. grein staflið a, tilsagnarlaust í lausum bréfum án ábyrgðar, skal liggja við sekt, sem sè fimmtungur af verði því, sem leynt er, þó eigi yfir 10 rd.
- c) Fyrir misferli af hálfu skipsútgjörðarmanna og skipstjóra gegn því, er þeim er gjört að skyldu í 6. grein, skal greiða 2—

1872.

26. febrúar.

10 rd. sekt. Valdi brotið því, að pósthjórnninni verði gjört að skyldu, að greiða skaðabætur, skal hlutaðeigandi paraðauki endurgjalda pósthjórnninni skaðabætur þær, sem hún á að láta af hendi.

d) Sömu hegning skal sá sæta, er veitir eigi tafarlaust póstinum þá hjálp, sem um er rædt í 7. grein.

e) Þeir embættismenn eða sýslunarmenn, sem hafa þjónustufrímerki til annara sendinga en þeirra, er leyft er, eða láta aðra menn fá þau til þess, sem þeim ekki er leyft, eða ef þeir með öðru móti verða þess ollandi, að heimtað verði af lands-sjóðnum meiri uppbót fyrir afnám ókeypis-sendinga, en greiða skal samkvæmt 12. grein, skulu sæta 5—50 rd. sektum.

Framanefndar sektir ákveður pósthjórnnin, og skal úrskurður hennar standa óraskaður, nema hlutaðeigandi innan 14 daga, frá því er honum var birtur úrskurðurinn, heimti, að málið gangi til dóms, og skal þá fara með það sem opinbert lögreglumál.

Pósthjórnninni er heimilt, ef ástæða virðist til þess í stöku tilfellum, að færa niður ofanefndar sektir, eða gefa þær upp með öllu.

Sektir þær, sem nefndar eru í staflíðunum *a.* og *b.*, falla til þess, er með sögusögn sinni kemur því til leiðar, að hin drýgðu afbrot komist upp. Hinar sektirnar ásamt þeim burðar-eyri, sem undan er dreginn, falla í pósthjóð.

15. grein.

Sá, sem sendir eitthvað með pósti, hefir ráð yfir því, þangað til því er skilað.

Sendingar þær, er eigi komast til skila, skulu opnaðar, og farið með þær, sem pósthjórnnin ákveður nákvæmar, og skal selja munina pósthjóði í hag. Ef eigandinn segir til sín innan sex mánaða frá því er selt var, fær hann það, er fyrir hlutinn kom, að frá dregnum kostnaði og án leigna.

Ad öðru leyti má enginn af þeim, sem hafa pósthjónustu á hendi, gefa nokkrum manni útífrá neina vísbendingu um það, er annar maður sendir með pósti, og eigi heldur má neitt af því, sem fengið er póstinum til flutnings, með vitund pósthjónustu-manna opna nè lesa af óviðkomandi mönnum.

16. grein.

1872.

26. febrúar.

Hvenær sem greiða skal sekt, burðareyri eða skaðabætur útaf einhverjum hlut, sem er í vörzlum póststjórnarinnar, er henni heimilt, að halda honum aptur eða því, sem hann hefir inni að halda, unz borgað er, og verði eigi borgað, að ráða með öllu yfir hlutnum eða því, sem hann hefir inni að halda.

Ef skera á úr því, hvort eitthvað er látið á póstin eða sent með löglegu móti, og úrskurður þessi er kominn undir því, hvers eðlis eða innihalds hluturinn er, og hann er í vörzlum póststjórnarinnar, má hún heimta, að sendingin verði í viðurvist póstþjónustumanns opnuð, og rannsökuð af þeim, sem tekur við henni, eða, ef svo ber að, af þeim, sem sendir hana. Verði þessu eigi hlýðt, má póststjórnin ráða yfir hlutnum eins og áður var getið.

17. grein.

Hlutaðeigandi stjórnarráð, eða landshöfðingi eptir undirlagi þess, sèr um tilhögun á póstgöngunum og setur allar þær reglugjörðir, sem útheimtað til þess, að koma þessari tilskipun í verk.

18. grein.

Þangað til settur verður landshöfðingi á Íslandi, skal stíptamtmaður hafa það vald, sem með þessari tilskipun er falið landshöfðingja á hendur.

19. grein.

Hlutaðeigandi stjórnarráð sèr um, að þessi tilskipun geti öðlazzt gildi í seinasta lagi 1. apríl. 1873.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr þegnlega að hegða.

Ástæður fyrir lagaboði þessu ¹.

Eins og sjá má af auglýsingu konungs til alþingis 31. maí 1867² varð að fresta framkvæmdum þeim til þess að endurbæta

¹) Tíðindi frá alþingi 1871, I., 7, 9—14, 525—537, 412—422 og 708; II., 101—115, 266—273, 288—300 og 420—423.

²) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands, II., 425.

1872.
26. febrúar. póstmál á Íslandi, sem byrjað var á¹⁾; en með því nú lögin 2. janúar 1871 um hina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu voru útkomin, var ekki neitt því til fyrirstöðu frá þessari hlið, að reyna til að koma í lag hinum íslenzku póstmálum. Stjórnin lagði þá frumvarp til tilskipunar handa Íslandi um póstmál fyrir alþingi 1871; þetta frumvarp ræddi þingið síðan á lögskipaðan hátt og lét uppi álit sitt um það, eins og hér skal getið.

Þingið aðhylltist frumvarpið að mestu leyti óbreytt, og stakk að eins uppá fáeinum breytingum, er nú skal frá skýrt.

Þar sem í 1. grein væri ákveðið, að laun póstmeistarans í Reykjavík skyldi vera 800 rd., með 100 rd. viðbót 5. hvert ár, þangað til þau væri orðin 1000 rd., áleit þingið, að með því störf embættismanns þessa varla yrði svo umfangsmikil eða erfið, mundi hann geta haft á hendi jafnframt einhverja aðra sýslun eða atvinnu, sem gæfi honum nokkrar tekjur í viðbót; stakk því þingið uppá, að setja skyldi „600 rd.” í staðinn fyrir „800 rd.”, og „800 rd.” í staðinn fyrir „1000 rd.”

Þar sem í 6. grein væri settar tvennskonar reglur um skyldu skipstjóra til at flytja póstsendingar, eptir því hvort skipin væri höfð til stöðugra millumflutninga eður ekki, og svo fyrir mælt, að hin fyrnefndu skip ætti að vera skyld til að flytja allskonar póstsendingar, en hin að eins laus bréf, þá virtist þinginu ekki næg ástæða til að gjöra þenna greinarmun, með því á Íslandi væri ekki nein slík millumflutningaskip; heldur fannst þinginu ástæða til, að láta þær reglur, sem settar væri um millumflutningaskip, ná til allra skipa, og mundi slíkar sendingar allajafna muna svo litlu, að þær eigi gæti komið í bága við annan flutning, enda væri ákveðin rífleg borgun fyrir þenna flutning.

Þinginu fannst það eiga betur við, með því eigi væri gjört ráð fyrir eiginlegu pósthúsi annarstaðar en í Reykjavík, að setja orðið „póstafgreiðslustað” í staðinn fyrir „pósthús” bæði í 5. kafla 6. greinar og í öðrum greinum frumvarpsins, þar sem rædt væri um póstafrgreiðslu í öðrum stöðum, en í Reykjavík.

Þingið lagði til, að það yrði beinlínis ákveðið í 12. grein,

¹⁾ Tíðindi frá alþingi 1865, II., 112 og 123.

1872.

26. febrúar.

að sá kostnaður, sem af því leiddi fyrir embættismenn, að því leyti, er snerti embættisafgreiðslu þeirra, að af tekið yrði að flytja nokkuð kauplaust með póstum, skyldi endurgoldinn þeim á þann hátt, sem ákveðinn yrði með konungsúrskurði, en í frumvarpinu var svo fyrir mælt, að það skyldi koma undir konungsúrskurði, hvort embættismenn skyldi fá uppbót fyrir hinn umrædda kostnaðarauka og hve mikil hún skyldi vera.

Til þess að taka af öll tvímæli um það, að ákvarðanirnar í 1. og 2. kafla 13. greinar, þar sem talað væri um póstembættismenn, ætti einnig við póstana sjálfa, jafnvel þó þeir ekki væri embættismenn, stakk þingið uppá, að á þessum stöðum yrði sett „í vörzlum póststjórnarinnar og hennar þjónustumanna“ í staðinn fyrir „í vörzlum póstembættismanna“. Í niðurlagi sömu greinar fannst þinginu það réttast eptir því hvernig hagaði til á Íslandi, að láta réttinn til skaðabóta fyrnast eptir 12 mánaða í staðinn fyrir eptir 6 mánaða frest.

Sömuleiðis virtist þinginu, að ætti að lengja tíma-ákvörðunina í 15. greinar 2. kafla, þannig, að eigandi fengi andvirði hinna seldu póstsendinga, ef hann segði til sín innan 6. mánaða frá því selt væri.

Með því svo væri til ætlazt, að landshöfðingi skyldi hafa á hendi stjórn hinna íslensku póstmála, virtist þinginu það eðlilegast, að hann einnig skipaði fyrir um póstgöngur og setti allar þær reglugjörðir, sem þörf væri á, en þetta var, samkvæmt 17. grein frumvarpsins, ætlað hlutadeiganda stjórnarráði eða landshöfðingja eptir þess undirlagi; samt lagði þingið ekki neina áherzlu á þetta atriði.

Auk þessa, sem talið er, stakk þingið upp á ýmsum orðabreytingum, sem ekki voru teknar beinlínis fram í álitsskjalinu, en voru látnar koma í því frumvarpi, sem fylgdi álitsskjalinu.

Í álitsskjali sínu var konungsfulltrúi samdóma alþingi um breytingar við 6., 12., 13. og 15. grein frumvarpsins, að því undanteknu, að honum fannst, að orðið „pósthús“, sem væri meir almennt, ætti betur við en „póstafgreiðslustaður“, og að orðin „í vörzlum póstembættismanna“ skyldi haldast. Aftur á móti varð hann fastlega að mæla á móti því, að laun póstmeistarans yrði

1872.

26. febrúar.

lækkuð, með því tæður embættismaður yrði að semja yfirgripsmikla reikninga, og ferðast um landið til að hafa eptirlit með pósthjónum, enda væri það, sem ætlað væri til skrifstofukostnaðar, heldur naumlega tiltekið. Að því leyti, er snerti 17. grein, ræð konungsfulltrúi til, að frumvarpið hældist óbreytt.

Þaræð dómsmálastjórninni fannst það áriðandi, að fá álit hinnar æðstu pósthjórnar í Danmörku um breytingar alþingis á frumvarpinu, skrifaði hún fjárstjórninni um þetta efni. Fjárstjórnin leitaði þá álits aðalþósthjórnarinnar, og var efni þessa álitsskjals, sem fjárstjórnin skýrskotaði til í svári sínu, eins og hér skal sagt.

Aðalþósthjórnin var á móti því, að breytingarnar við 1. og 6. grein yrði teknar til greina; að því leyti er snerti 6. grein var tekið fram, að þósthjórnin gæti ekki látið það við gangast, að fá hverjum og einum skipstjóra í hendur fémæta muni; að það mundi örðugt, að útvega rúm handa böggulsendingum í skipum, sem eigi væri höfð til stöðugra millumflutninga, og að hvernig sem á stæði væri það aðalætlunarverk þósthjórnarinnar, að flytja bréf manna á milli, en flutningur peningabréfa og böggulsendinga yrði að lúta í lægra haldi. Aðalþósthjórnin gat ekki neitt að því fundið, að tíma-ákvarðanirnar í 13. og 15. grein yrði hafðar eins og alþingi hafði stungið uppá. Jafnframt gat fjárstjórnin þess, að það mundi eiga vel við, svo enginn vafi væri á því, að taka það beinlínis fram í tilskipuninni, að stjórnnin setti þær ákvarðanir, sem með þyrfti um þósthflutninga milli Íslands og annara þóstumdæma.

Dómsmálastjórnin var samdóma aðalþósthjórninni um 6., 13. og 15. grein frumvarpsins, og að því leyti, er snerti 12. grein hafði hún ekki neitt á móti því, að 1. kafla greinarinnar yrði vikið við á líkan hátt, og alþing vildi. Að því, er snerti 1. grein, varð dómsmálastjórnin, enda þótt konungsfulltrúi og aðalþósthjórnin hefði verið á móti því, að fara nokkuð eptir ósk alþingis, og setja laun þóstmeistarans uppá 700 rd. í upphafi, en láta það koma undir konungsúrskurð, hvort honum yrði veitt launaviðbót eptir aldri, en til skrifstofukostnaðar mætti í hvert skipti ætla honum fé í hinni árlegu fjárhagsáætlun. Þar sem al-

þing hafði stungið uppá því, að í staðinn fyrir orðin „í vörzlum póstembættismanna“ í 13. grein kæmi „í vörzlum póststjórnarinnar og hennar þjónustumanna“ fannst stjórnarráðinu það bezt við eiga að hafa einsamalt „í vörzlum póststjórnarinnar“, því aðal-póststjórnin hafði bent á, að svo yrði að telja, að skaðabætur gæti komið fyrir sendingu, ekki að eins þegar hún væri hjá póstembættismönnum og póstum, heldur einnig þegar hún væri flutt með skipi einstaks manns (samkv. 6. grein), og skipstjóri hefði í vörzlum sínum sendinguna svo sem fyrir hönd póststjórnarinnar. Við 17. grein frumvarpsins var eigi gjörð nein breyting. Að því leyti, er snerti þá uppástungu fjárstjórnarinnar, að taka skyldi beinlínis fram um vald stjórnarinnar til þess að setja ákvarðanir um póstflutninga milli Íslands og annara póstumdæma þá virtist stjórnarráðinu, að það væri nóg í þessu tilliti, að láta fyrirsögn lagaboðsins vera „tilskipun um póstmál á Íslandi“.

Samkvæmt því, sem sagt er, lagði stjórnarráðið til í þegnlegri skýrslu sinni um frumvarpið, að það yrði gjört að lögum með þeim breytingum, sem getið er.

24. Áætlun um tekjur og útgjöld Íslands á reikningsárinu frá 1. aprilmánaðar 1872 til 31. marzmánaðar 1873, staðfest af konungi 26. dag febrúarmánaðar 1872. (á Íslenzku og Dönsku).

Christian hinn Níundi, o. s. frv.

Vora sèrlegu hylli!

Vér veitum þér hèreð allramildilegast vald til, ásamt með konungsbréfi þessu, að láta kunngjöra almenningi áætlun þá, sem hèreð fylgir, um tekjur og útgjöld Íslands á reikningsárinu frá 1. aprilmánaðar 1872 til 31. marzmánaðar 1873, sem gjörð er